

barni Caroline Hansine Petersen í Svendborg, Magnúsi Stefáni Thorarensen, **132**
 hafi barnfúlga þessi hingað til verið endurgoldin af bæjarsjóði Ak- 12. oktbr.
 ureyrar, en nú hafi bæjarstjórnin í kaupstað þessum skorast undan að greiða
 meðlögin framvegis. Bæjarstjórn Svendborgar hefir því spurzt fyrir um það,
 hvernig fara skuli um endurborgun meðlaganna hjereptir. Útaf þessu hefir
 innanríkisráðaneytið skrifast á við bæjarstjórn Kaupmannahafnar og ráðaneytið
 fyrir Ísland, og hefir ráðaneyti þetta tekið það fram, að, þótt skoða mætti barns-
 fúlgu, er greidd er um sinn á þann hátt, sem um er getið að framan, sem fá-
 tækrastyrk veittan hlutaðeigandi barnsföður, er framfærslusveit á á Íslandi, þá
 verði barnsfúlga þó eigi krafín endurgoldin af hlutaðeigandi framfærslusveit Ís-
 lenzkri, með því að ákvæðin hjerum í hinum dönsku lögum frá 12. apríl 1892
 og hinum Íslenzku lögum frá 24. janúar 1890 sjeu svo ólík, að alveg mundi
 vanta gagnkvæmileik þann, að því er skyldur og rjettindi snertir, er hlýtur að
 vera nauðsynlegt skilyrði fyrir því að láta hinar almennu reglur um endurborg-
 un á veittum fátækrastyrk danskra og Íslenzkra sveita ímilli ná einnig til þess-
 arar sjerstöku tegunda fátækrastyrks, sbr. 3. gr. i. f. í hinum síðarnefndu lögum
 sem aðaldæmi þess, hve ólíkar reglur gilda í hvoru landi.

Þetta er þjónustusamlega tjáð til leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir
 bæjarstjórn Svendborgar að því viðbættu, að um endurborgun meðlaganna fram-
 vegis, ef til kemur, skuli fara eins og þegar hlutaðeigandi barnsfadir er tekinn til
 framfærslu eþjir ákvæðum 27. gr. fátækralaganna.

Brjef landshöfðingja til póstmeistarans í Reykjavík um að eigi þurfi að frí- 133
 gera sendingar pósthúsa á milli. Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 20. þ. m., hafið þjer, 30. septbr.
 herra póstmeistari, beiðzt úrlausnar minnar um það, hvort frímerkja þurfi með
 þjónustufrímerkjum sendingar þær, er sendar eru frá einu pósthúsi til annars
 hjer á landi.

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til
 þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg eigi get sjeð neitt því til hindrunar, að slíkar
 sendingar sjeu sendar pósthúsa á milli án álímdra þjónustufrímerkja, enda get
 jeg eigi álitíð að 12. gr. tilsk. um póstmál frá 26. febr. 1872, sbr. 14. og 15. gr.
 augl. 3. maí s. á. sje þessu til fyrirstöðu.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um lán handa Rafns- 134
 eyrarkirkju og Álptamýrarkirkju. Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og 6. oktbr.
 yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 16. f. m., vil jeg hjer með
 veita samþykki mitt til þess að presturinn að Rafnseyri, í viðbót við lán þau,
 er leyft var að taka handa Álptamýrarkirkju og Rafnseyrarkirkju með brjefi
 mínu 19. júní 1896 (Stj. tíð 1896, B. bls. 95), taki af nýju 350 króna lán handa
 Álptamýrarkirkju, sem endurborgist með jöfnum afborgunum á 20 árum frá lán-